

Umhverfisvottun VSÓ ráðgjafar ehf.

Skrifað af: Administrator

Föstudagur, 04. mars 2011 08:39

Þann 17. desember 2010 hlaut fyrirtækið VSÓ ráðgjöf ehf. vottun á umhverfisstjórnunarkerfi sitt samkvæmt ISO 14001 hjá Vottun hf. en það er auk þess með vottað gæðastjórnunarkerfi samkvæmt ISO 9001 staðli. Bæði stjórnunarkerfin ná til allra þátta í starfseminni, þ.e. hönnunar, eftirlits og ráðgjafar á sviði byggingar-, rafmagns- og vélaverkfræði og umhverfis-, samgöngu- og skipulagsmála, auk verkefnisstjórnunar, áætlanagerðar og eftirlits með mannvirkjagerð.

VSÓ ráðgjöf ehf. var stofnað 1958 og eru starfsmenn rúmlega 40 talsins. Auk þess að starfa á Íslandi þá er fyrirtækið viðurkennd verkfræðistofa í Noregi. Sjá nánari upplýsingar á [heimasíðu](#) þess.